

## Breyting á aðalskipulagi - borhola fyrir jarðsjó á Hauganesi

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur samþykkt erindi Ocean EcoFarm ehf. um að borað verði eftir jarðsjó fyrir eldisstöð fyrirtækisins nálægt tilraunaholu, sem boruð var við ströndina norðan hafnarinnar á Hauganesi.

Lóð fyrir borholu og lítið borholuhús verður afmörkuð með breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Lóðin liggur að núverandi lóðum á hafnarsvæði og hefur engin eða óveruleg áhrif á aðliggjandi byggð. Lóðin verður um 433 m<sup>2</sup> miðað við drög að deiliskipulagsbreytingu og byggingarmagn verður allt að 50 m<sup>2</sup>. Mannvirki munu ekki hindra för manna eftir ströndinni.

### Breytingar á greinargerð

Engin efnisleg breyting er gerð á greinargerð aðalskipulagsins. Borholur hitaveitu eru merktar sem iðnaðarsvæði. Engin sérstök ákvæði eru um dælustöðvar fráveitu en þær eru tilgreindar í almennum texta um iðnaðarsvæði í kafla 4.8.

### Breytt skipulag:


Nýrri línu fyrir svæði 757-I, borholu, er bætt í skilmálatöflu í kafla 4.8. Einnig er bætt við línu fyrir dælustöð fráveitu á Hauganesi, 756-I.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
756-I	-	Hauganes, dælustöð fráveitu	Merkt með hringtákn á skipulagsuppdrátti.	Dælu- og hreinsistöð fráveitu
757-I	-	Hauganes, borhola	Merkt með hringtákn á skipulagsuppdrátti.	Öflun jarðsjávar fyrir nálæga starfsemi


### Breytingar á skipulagsuppdrátti

Sérhæft iðnaðarsvæði 757-I fyrir borholu, merkt með hringtákn, er sett við ströndina á norðausturjaðri hafnarsvæðisins á Hauganesi.

Merkingu á dælustöð fráveitu er breytt úr D í 756-I.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

<b>LANDNOTKUN</b>	<b>SAMGÖNGUKERFI</b>
■ Þéttbýli, þéttbýlismörk	— Stofnbraut
■ Íbúðarsvæði	— Stofnbraut, jarðgöng
■ Svæði fyrir þjónustustofnanir	— Tengivegur / tengibraut
■ Svæði fyrir þjónustustofnanir	— Aðrir vegir / safngata
■ Verslunar- og þjónustusvæði	... Aðal göngu- og hjólastígar
■ Athafnasvæði	... Megin útivistarstígar
■ Iðnaðarsvæði	... Reiðleið
■ Hafnarsvæði	<b>STOFNLAGNIR VEITUKERFA</b>
■ Landbúnaðarsvæði L1	⊙ Rafveita, loftlína
■ Landbúnaðarsvæði L2	/// Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
■ Landbúnaðarsvæði, sérákvæði	— Rafveita, jarðstrengur
■ Fristundabyggð	⊙ Hitaveita
■ Opin svæði til sérstakra nota	⊙ Vatnsveita
■ Óbyggð svæði	⊙ Ljósleiðari
■ Blönduð landnotkun	⊙ Fráveita, útrás
⊙ Efnistökusvæði	<b>AÐRAR SKÝRINGAR</b>
⊙ Merking landnotkunarreitna	⊙ Dælustöðvar
■ Landfyllingar	
<b>TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN</b>	
■ Hverfisverndarsvæði	
■ Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland	
■ Svæði á Náttúruinjaskrá	
■ Vatnsverndarsvæði	
■ Brunnsvæði	
■ Grannsvæði	
■ Fjarsvæði	
■ Fornminjar	
■ Fornminjar, minjasvæði	
■ Fornminjar, Sveitarlangur	
■ Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum	

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 16/08 2024

*Eirun Ingió Sigþórsdóttir*  
Bæjarstjórn  
Sveitarstjórn

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann

16/5 2024

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 14.08.2024

*Ólafur Þorsteinsson*  
Sveitarstjórn

## AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 ÞÉTTBÝLISUPPDRATTUR

Framkvæmdasvið  
Dalvíkurbyggðar  
Mælikvarði A3: 1:10.000 8.4.2024/19.6.2024

BREYTING  
Borhola fyrir jarðsjó  
á Hauganesi

TEIKNA  
TEIKNISTOFA ARKITEKTA  
KAUFANGI VIMYRARVEG  
600 AKUREYRI  
SÍMI 461 5508  
NETFANG: arni@teikna.is